

**Eigið fé:**

Kr.

Fyrningar Nýja Garðs .....	1 080 939,37
Fyrningar Gamla Garðs .....	1 284 324,22
Fyrningar Félagsheimilis .....	2 471 978,73
Fyrningar Hjónagarða .....	978 156,80
Höfuðstóll .....	298 170 245,32
	<hr/>
Eigið fé samtals	303 985 644,44
	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals	332 553 281,00
	<hr/>

Í stjórn Félagsstofnunar stúdenta starfsárið 1985—1986.

Finnur Ingólfsson.  
Tryggvi Agnarsson.

Valdimar Hergeirsson.  
Dan Brynjarsson.

3. desember 1986

**SAMÞYKKT**

Nr. 499

**um forkaupsrétt Akranesskaupstaðar að fasteignum á svokölluðu  
Breiðarsvæði innan Akranesskaupstaðar.**

Akranesskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum á svokölluðu Breiðarsvæði innan Akranesskaupstaðar:

**Lóðir á Breið:**

Breiðargata 1  
Breiðargata 2  
Breiðargata 2 b  
Breiðargata 4  
Breiðargata 6  
Breiðargata 8  
Breiðargata 8 a  
Breiðargata 15  
Breiðargata, Breið  
Breiðargata  
Vesturgata 1  
Vesturgata 2—4  
Vesturgata 3  
Vesturgata 6—8  
Vesturgata 7  
Vesturgata 10  
Vesturgata 17  
Vesturgata 17  
Vesturgata 19  
Vesturgata 21  
Vesturgata 23  
Vesturgata 25  
Vesturgata 25  
Vesturgata 25  
Vesturgata 25 a

**Eigandi:**

Haraldur Böðvarsson & Co.  
S.Í.S.  
Runólfur Hallfreðsson  
Valdimar Sigurðsson  
Haraldur Böðvarsson & Co.  
Haraldur Böðvarsson & Co.  
Guðmundur P. Bjarnason  
Haraldur Böðvarsson & Co.  
Haraldur Böðvarsson & Co.  
Síldar- og fiskimjölverksmiðjan sf.  
Bifreiðastöð P.P.P.  
Olíuverslun Íslands  
Haförn hf.  
Síldar- og fiskimjölverksmiðjan sf.  
Haförn hf.  
Ármann Stefánsson  
Óskar Arnórsson  
Db. Hilmars Símonarsonar  
Db. Hannesar Ólafssonar  
Stefán Sigurðsson  
Stefán Sigurðsson  
Ellert Bjarnason  
Erlendur Ingvason  
Gunnar Fjeldsted  
Haraldur Böðvarsson & Co.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akranesskaupstaðar hefur gert með heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 og sbr. lög nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

Gildistími samþykktar þessarar er 5 ár, frá dagsetningu hennar talið.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1986.*

F.h.r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

Pórhildur Líndal.

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn hreppsmálefna  
Blönduósshrepps nr. 622/1983.**

1. gr.

Við b lið 35. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður svohljóðandi:

“6. Fimm menn í íþróttá- og æskulýðsnefnd og fimm til vara.“

Töluliðir 6 til 18 breytist til samræmis við þetta og verði 7 til 19.

2. gr.

Síðasta málsgrein 35. gr. falli niður.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Blönduósshrepps hefur gert samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1986.*

F.h.r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

Pórhildur Líndal.

## AUGLÝSING

**um umferð í Egilsstaðakauptúni**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Egilsstaðakauptúni, en hér er um að ræða breytingu á auglýsingu um umferð í Egilsstaðakauptúni frá 11. júlí 1984.

a) I. liður, 3. tl. orðist svo:

Umferð um Hamrahlíð, Hjarðarhlíð og Bjarkarhlíð víki fyrir umferð um Fénaðarklöpp.

b) II. liður, 1. tl. orðist svo:

Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss.